

Reglur fyrir Ungu og efnilega hjá Dansíþróttasambandi Íslands (DSÍ)

1. grein

Hópur Ungu og efnilegra er valinn af DSÍ ár hvert og gildir valið frá fyrsta Íslandsmóti ársins og fram að fyrsta Íslandsmóti ársins á eftir.

Eftirfarandi aðilar eru valdir í hóp Ungu og efnilegra:

- Þau pör sem eru í úrslitum í unglungum I fimm dönsum (meistaraflokki)
- Þau pör sem eru í úrslitum í unglungum II fimm dönsum (meistaraflokki) og ekki eru í landsliði.
- Einstaklingar sem eru í úrslitum í Sóló unglungum I og unglungum II fimm dönsum (meistaraflokki) og ekki eru í landsliði.

Þetta á við um Íslands- og bikarmeistaramót í latin og ballroom dönsum ásamt Íslandsmeistaramótinu í 10 dönsum.

Allir sem eru í hópi Ungu og efnilegra skulu hafa siðareglur ÍSÍ og DSÍ að leiðarljósi.

2. grein

Landsliðsnefnd hefur yfirumsjón með Ungum og efnilegum og ákveður hvenær og hvernig staðið er að æfingum

3. grein

Það er ætlast til að þeir sem eru í Ungum og efnilegum stundi fullar æfingar með sínu

íþróttafélagi jafnframt því að mæta á allar boðaðar æfingar hjá Ungum og efnilegum. Einstaklingar í Ungum og efnilegum eru fyrirmyndir annarra dansara og skulu haga sér samkvæmt því í hvívetna í allri framkomu og umfjöllun.

4. grein

Þeir sem ekki komast á æfingar þurfa að tilkynna það til landsliðsnefndar með góðum fyrirvara. Ætlast er til að meðlimir mæti á allar æfingar hjá Ungum og efnilegum nema í undantekningum tilfellum, s.s. vegna veikinda eða æfinga- eða keppnisferða erlendis. Forföll skal tilkynna tímanlega.

5. grein

Þeir sem ekki mæta ítrekað á boðaðar æfingar (án sannanlegra tilkynninga um forföll) gætu átt á hættu að vera vísað úr hópnum.

6. grein.

Ef eitthvert paranna hættir að dansa saman eftir að hafa verið valið í hópinn þá fellur viðkomandi par sjálfkrafa úr hópnum.

7. grein

Hægt er að vísa meðlimum úr hópnum vegna óíþróttamannslegrar hegðunar innan sem

utan dansgólfsins, á mótum hér á landi sem og erlendis.

8. grein

Foreldrar, forráðamenn og meðlimirnir sjálfir geta ákveðið að viðkomandi hætti í hópnum.

9. grein

Landsliðnefnd er heimilt að skipta hópnum í tvo flokka, ef ástæða er til og gætu því hóparnir æft á mismunandi tímum.

10. grein

Meðlimirnir sjálfir og aðstandendur, sem ekki eru sáttir við hvernig staðið er að æfingum eiga að koma sínum kvörtunum á framfæri við DSÍ, með formlegum hætti. Það á ekki að hafa beint samband við þjálfara eða aðra sem kenna hópnum.

11. grein

Landsliðsnefnd, að höfðu samráði við stjórn DSÍ, getur ákveðið að hver einstaklingur í Ungum og efnilegum fái fatnað sem ætlast er til að sé notuð á mótum og/eða sýningum hérlendis sem og erlendis til að gera hópinn sýnilegan sem heild. Ef þar fellur úr hópi Ungra og efnilegra einhverra hluta vegna þá er ætlast til að það leggi treyjunni þar til viðkomandi kemst aftur í hópinn enda eru þær aðeins ætlaðar pörum í Ungum og efnilegum.

Aðildarfélögum DSÍ og iðkendum þeirra sem eru ekki í hópi Ungra og efnilegra er óheimilt að notafatnað sem eru eins eða líkar treyjum hópsins. Það sama á við um annan fatnað fyrir

hópin12. grein

Í því tilfalli þar sem þar eða einstaklingur brýtur alvarlega af sér samkvæmt þessum reglum skal stjórn DSÍ funda um málið og taka afstöðu um hvort vísa eigi þarinu eða einstaklingnum úr hópnum. Stjórn

DSÍ skal sjá til þess að mál sé nægjanlega upplýst áður en tekin er ákvörðun í því og gefa viðkomandi pari, einstaklingi, eða forráðamanni, og fulltrúa aðildarfélags þarsins, kost á að tjá sig um

málið áður en stjórn tekur ákvörðun. Eftir að stjórn DSÍ hefur tekið ákvörðun skal hún tilkynnt sömu aðilum.

Samþykkt af stjórn